Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar 26. mars 2021

Kæru bæjarfulltrúar, bæjarstjóri og bæjarritari

Ég, Hafdís Gunnarsdóttir, biðst hér með lausnar frá störfum mínum sem bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar sem og öðrum verkefnum sem því fylgja. Ástæðan er sú að bráðlega tek ég við stöðu sviðsstjóra skóla- og tómstundasviðs og fer ekki saman að mínu mati að sinna því og bæjarfulltrúastarfinu á sama tíma.

Ég vil þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið síðastliðin 3 ár. Þetta er dýrmæt reynsla sem ég hef öðlast með ykkur sem bæjarfulltrúi og á hún vafalaust eftir að nýtast vel í framtíðinni. Jafnframt vil ég þakka íbúum Ísafjarðarbæjar innilega fyrir að sýna mér það traust að fá að starfa í þeirra þágu.

Með vinsemd og virðingu,

Hafdís Gunnarsdóttir

Hafdís Gunnarsdóttir